

1283. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. september 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Selma Björk Grétarsdóttir og Þórir Hilmarsson.

Fjarverandi: Ólafur Reimar Gunnarsson.

Gestir fundarins: Helga Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastýra Jafnlaunastofu, og Oddur Gunnar Jónsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs VR.

Næsti fundur: 8. október 2025.

Halla Gunnarsdóttir formaður setti fund og bauð stjórnarfolk velkominn. Hún óskaði eftir að gera breytingu á upprunalegri dagskrá, og bæta við lið #9, ADHD – samstarfsverkefni. Aðrir liðir færast til sem þessu nemur. Samþykkt.

Halla hafði einnig orð á því að fundurinn væri haldinn á alþjóðlegum forvarnadegi sjálfsvíga og í gulum september, málefni sem varðar allt þjóðfélagið. Hvatti hún til góðra samskipta og virðingar.

1. Fundargerðir 1281. og 1282. stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerðir 1281. og 1282. stjórnarfunda VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru sendar til rafrænnar undirritunar.

2. Virðismat starfa, kynning Helgu Bjargar Ragnarsdóttur frá Jafnlaunastofu

Halla bauð velkomna Helgu Björgu Ragnarsdóttur sem fór yfir virðismat starfa.

Jafnlaunastofa er í eigu Reykjavíkurborgar og Sambands ísl. sveitarfélaga og er hlutverk hennar að styðja stjórnendur sveitarfélaga við framkvæmd launasetningar með launajafnrétti að markmiði. Jafnlaunastofa rekur starfsmatskerfi sveitarfélaganna og sinnir öðrum verkefnum á sviði jafnréttismála.

Helga stiklaði því næst á stóru í starfsmatskerfi sveitarfélaganna en markmið þess er að tryggja, eins og hægt er, að laun séu ákvörðuð með málefnalegum og hlutlægum hætti – krafan er sú að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Íðulega hefur verið reynt að útskýra og jafnvel réttlæta launamun kynjanna með starfsvali kvenna og eiginleikum, sagði Helga. Slíkt eigi sér enga stoð, orsakir launamunar kynjanna liggja í kynbundinni skiptingu vinnumarkaðarins og kerfisbundnu vanmati á störfum kvenna. Konur eru í öðrum störfum en karlar. Launamunur upp á 10% þýði 45 m.kr. tap fyrir konur á starfsævinni. Rannsóknir sýni að þegar konum fjölgar í starfsstéttum lækki oft launin, þegar hlutfall karla hækkar, hækki launin. Helga benti á að launamunur karla og kvenna væri mestur á hinum almenna vinnumarkaði en minnstur hjá sveitarfélögunum og eigi starfsmatskerfið þátt í þeirri stöðu.

Virðismat starfa felur í sér ákvörðun um endurgjald fyrir unnin störf og er byggt á matskerfi. Matsþættir eru t.d. fjárhagsleg ábyrgð, mannaforráð, frumkvæði o.s.fr. En ef matsþættir endurspeglir ekki alla þætti starfs verður það vanmetið, sagði Helga. Gerð er krafa um að virðismatskerfi sem í þróun séu stuðli að launajafnrétti, byggt sé á hlutlægum viðmiðum til að fyrirbyggja að karllægum þáttum sé umbunað umfram þætti sem einkenna störf kvenna.

Jafnlaunastofa er með tvö verkefni í gangi fyrir utan starfsmatskerfið. Virðismat starfa hjá ríkinu sem hófst árið 2020 og virðismat starfa hjá kennurum. Helga sagði þetta í fyrsta skipti sem viðurkennt sé að launamun megi rekja til vanmats á virði starfa kvenna. Aðgerðarhópur hefur skilað af sér í verkefni um virðismat starfa hjá ríkinu og er unnið að áframhaldandi þróun virðismatskerfis. Áhersla er á að stéttarfélög hafi ríkari aðkomu að verkefninu. Verkefni um virðismat starfa hjá kennurum er skemmra á veg komið en unnið á sambærilegan hátt.

Umræður

Að umræðum loknum þakkaði Halla Helgu fyrir sem yfirgaf fundinn kl. 18:15.

3. Samþykkt á milli funda, atvinnustefna

Fyrir fundinum lá skjalið „3.0 Umsögn VR um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035“ til kynningar. Umsögnin var samþykkt milli funda.

Stjórn VR samþykkti á milli funda umsögn félagsins um drög ríkisstjórnarinnar að atvinnustefnu fyrir Ísland til ársins 2035. Umsögnin er birt í heild að neðan.

VR þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri tillögum vegna mótunar atvinnustefnu til ársins 2035. Í grunninn tekur VR undir það meginmarkmið að stjórnvöld setji atvinnustefnu sem stuðli að sjálfbærum vexti atvinnugreina, aukinni framleiðni og heilbrigðum vinnumarkaði. VR telur að grunnstef í slíkri stefnu eigi jafnframt að vera góð og vel launuð störf og réttlát umskipti þegar kemur að tæknibreytingum.

VR hefur á undanförnum árum lagt mikla áherslu á að horfa til framtíðar þar sem félagsfólki VR og launafólki öllu sé tryggð örugg atvinna og lögð áhersla á góð og vel launuð störf. Mat VR er að vel hafi tekist til í skipulagi á íslenskum vinnumarkaði, skipulagi sem á rætur sínar að rekja til fyrri hluta 20. aldar og er mikilvægt að verja og styrkja. Þróun íslensks vinnumarkaðar hefur orðið til þess að tryggja góð lífsskjör almennings og stuðla að samfélagslegu öryggi með almennri aðild launafólks að öflugum stéttarfélögum. Ekkert í hinu íslenska vinnumarkaðsmódeli kallar á viðamiklar breytingar þótt ný störf séu að verða til, heldur er einmitt mikilvægt að byggja á traustum grunni. Að auki verður ekki fram hjá því litið að í þeim OECD löndum þar sem stéttarfélög eru veik og aðild minni, hafa kjör launafólks versnað. Samhliða því hefur misskipting aukist og velferðarkerfi veikst. Afleiðingarnar hafa verið órói og uppgangur öfgaafla í stjórnámálum með tilheyrandi samfélagslegu niðurbroti og óstöðugleika.

VR sér tækifæri í þeim tæknibreytingum sem nú standa yfir og munu verða í komandi framtíð til þess að bæta kjör launafólks. Mikilvægt er að sú arðsemi sem þessar breytingar skila, verði ekki til þess að skapa örfáum aðilum gríðarlegan auð, heldur til þess að renna stoðum undir almenn lífsgæði. Sú gríðarlega auðsöfnun sem örfáir aðilar hafa stundað á undanförnum árum í bandaríska tæknigeiranum er augljóst víti til varnaðar. Hér á landi þarf að nýta tækifærin sem skapast í kjölfar hagræðingar með sjálfvirknivæðingu, nýtingu gervigreindar og öðrum tækniframförum, til að stytta vinnutíma, án launaskerðinga. Styttning vinnuviku eykur lífsgæði launafólks og styrkir samfélagið og hefur verið ein af megin kröfum VR á undanförnum árum.

VR telur að stafrænar lausnir opni á nýja möguleika í vinnuumhverfi fjölda félaga í VR. Stafrænar lausnir gera sérfræðingum auðveldara að finna farveg fyrir sérfræðipækkingu sína og geta gert jaðarhópum hægara að finna störf. Hins vegar eru líka dæmi um að stafrænar lausnir séu notaðar til að grafa undan réttindum launafólks og VR telur mikilvægt að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðar standi saman gegn öllum slíkum tilraunum.

Augljóst er að ný störf munu verða til og þau kalla á nýja færni og þekkingu. Af því leiðir að gríðarlega mikilvægt er að gerðar séu reglulegar spár um færniþörf á vinnumarkaði og aðgerðaráætlanir varðandi menntun og hæfni endurspegli færnisþá á hverjum tíma.

VR telur mikilvægt að bregðast markvisst við breytingum á vinnumarkaði og nýta þau tækifæri sem í þeim felast. Launafólk þarf aukinn hvata til þess að þróa færni sína og tileinka sér nýja þekkingu með reglulegri sí- og endurmenntun. Þá er nauðsynlegt að fyrirtækin stuðli að hæfniaukningu starfsfólks til hagsbóta fyrir atvinnulífið í heild sinni. Starfsmenntasjóðirnir gegna lykilhlutverki í þessari vegferð með því að veita stuðning til starfsfólks og fyrirtækja. Efla þarf hlutverk þeirra til að bregðast við breytingum á vinnumarkaði.

VR telur að starfsfólk eigi að eiga fulltrúa í stjórnnum stærri fyrirtækja líkt og tíðkast á öllum hinum Norðurlöndunum og víðsvegar um Evrópu. Fáir hafi meiri hagsmuni af góðri ákvarðanatöku en starfsfólk, sem jafnframt tengi stjórnir fyrirtækja við fleiri en forstjóra þeirra þegar kemur að upplýsingagjöf um ástand og horfur. VR leggur áherslu á að sporna verði við áhrifum breytinga á vinnumarkaði sem skerða kjör launafólks og ýti undir samfélagslegan óróleika. Hluti af því er að launafólk eigi aðild að ákvörðunum sem snerti störf þeirra.

VR telur mikilvægt að atvinnu- og framfærsluöryggi launafólks sé tryggt í gegnum breytingar á vinnumarkaði. Vegna hins óhóflega húsnæðiskostnaðar sem almenningur ber á Íslandi duga lágmarkslaun, atvinnuleysistryggingar og aðrar framfærslutryggingar ekki til framfærslu. Slíkt getur valdið miklum erfiðleikum hjá almennum launafólki, sem nýtur veikrar verndar, til dæmis gagnvart uppsögnum. Það er forsenda sveigjanleika vinnumarkaðar að fólk geti misst vinnuna um stundarsakir án þess að framfærslu þess sé ógnað til lengri tíma.

Við mótun atvinnustefnu leggur VR áherslu á eftirfarandi þætti:

- Staðið verði vörð um skipulag íslensks vinnumarkaðar og stoðir hans styrktar.
- Stjórnvöld styðji verkalýðshreyfinguna í að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, þ.m.t. með lagasetningu, og í að stöðva allar tilraunir til niðurbrots stéttarféлага.
- Leitast verði við að skapa góð og vel launuð störf þar sem starfsfólk nýtur sveigjanleika og getur samræmt vinnu og einkalíf.
- Tryggð verði réttlát umskipti í tengslum við tæknibreytingar og hlutur launafólks tryggður, til dæmis í formi betri vinnutíma. Stjórnvöld noti skattkerfið til að koma í veg fyrir ofsagróða örfárna, sem að öðrum kosti brýtur niður samfélög, líkt og dæmin sanna.
- Atvinnu- og framfærsluöryggi fólks verði tryggt.
- Spá um farnipörf verði greind reglulega og aðgerðaráætlun varðandi menntun endurspeglar færnisþá á hverjum tíma. Launafólki gefist kostur á styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með markvissri sí- og endurmenntun.

4. Kjaramál – staðan

Halla fór yfir nokkur mál í þessum lið. Fyrst ræddi hún húsnæðismálin og sagði frá nýlegum fundi á vegum félagsmálaráðuneytisins um stöðu húsnæðismála þar sem hagsmunasamtök launafólks voru í miklum minnihluta. Slíkir fundi hafi margoft verið haldnir síðustu ár, en litlu skilað. Hún hafi áhyggjur af því að við séum enn á byrjunarreit í málaflokknum, þrátt fyrir marga fundi, þessi fundur sé til marks um það. Fundurinn hafi einnig endurspeglað það kynslóðabil sem er á húsnæðismarkaði og skilningsleysi á stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði.

Í tengslum við þessa umræðu fór Halla yfir nýja hugmyndir frá Reir Verk sem býður fólki aðstoð við húsnæðis kaup, kaupendur kaupi 80% húsnæðisins en fjárfestingasjóður fjármagni 20%. Halla sagði þetta áhugaverða leið en að margt væri að varast, ekki síst hvað yrði um slíkar eignir við gjaldprot fyrirtækisins.

Halla sagði frá því að ný könnun um leigumarkaðinn á Íslandi benti til þess að hann hafi verið alvarlega vanmetinn síðustu ár. Leigumarkaðurinn hefur verið áætlaður 13% af húsnæðismarkaðnum í heild en könnunin bendi til þess að hann sé tvöfalt stærri. Erlendir leigjendur hafi ekki verið taldir með í fyrri könnunum, sem hafi aðeins farið út á íslensku. Halla sagði fyrirhugað að fá kynningu á niðurstöðum könnunarinnar á næsta stjórnarfund.

Þá ræddi Halla fjárlagafrumvarpið þar sem margt er launafólki í óhag en kemur í raun ekki mikið á óvart. Ekki er gert ráð fyrir því að framlengja úrræði sem snýr að því að greiða inn á lán með séreignarsparnaði og gert er ráð fyrir skerðingu barnabóta og húsaleigubóta. Þá er gert ráð fyrir því að stytta atvinnuleysistímabilið um eitt ár og lengja ávinnslutímabil réttinda. Þessu fylgi loforðaflaumur um að efla virkniúrræði en markmiðið sé að spara. Hér var ekkert samráð haft við verkalýðshreyfinguna, sagði Halla. Síðar á fundinum voru lögð fyrir og samþykkt drög að ályktun um málið.

Þá ræddi Halla þá staðreynd að í fjárlagafrumvarpinu sé ekki gert ráð fyrir framlagi til lífeyrissjóða til að jafna örorkubyrði, en sumir lífeyrissjóðir bera mjög þunga örorkubyrði. Réttindi geta því verið misjöfn milli sjóða, þrátt fyrir að launafólk hafi greitt jafnt til þeirra. Hér sé verið að etja saman launafólki og öryrkjum.

Hvað varðar örorkumálin ræddi Halla einnig um þær breytingar sem gerðar hafa verið á málaflokknum, þær séu um margt jákvæðar en hafi skapað óvissu innan lífeyrissjóðanna og óánægju víða. Hún telur að verkalýðshreyfingin eigi að stíga inn í það samstarf sem ríkisstjórnin sé að opna á og þrýsta á að fá jöfnunarframlagið í gegn. Fyrirhugað er að fá Henný Hinz, sérfræðing hjá ASÍ, inn á fund stjórnar til að ræða þessi mál nánar.

Þá ræddi Halla drög stjórnvalda að atvinnustefnu til ársins 2035 en VR hefur sent inn umsögn um hana, sjá lið #3.

Umræður

Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 19:50.

Stjórn ræddi því næst tillögu formanns að ályktun vegna fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar og áform um að stytta atvinnuleysisbótatímabilið. Í umræðum komu fram breytingatillögur.

Ályktunin, með samþykktum breytingartillögum, sem birt er hér að neðan var lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

Stjórn VR mótmælir skerðingu atvinnuleysistrygginga

Stjórn VR mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að skerða tímabil atvinnuleysistrygginga um heilt ár og lengja ávinnslutímabil réttinda, án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Stjórnin tekur undir mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og virkni fyrir fólk sem missir vinnuna en bendir á að þar er víða pottur brotinn. Stjórnvöld og Vinnumálastofnun þurfa að sýna viljann í verki áður en ráðist er í skerðingar á atvinnuleysistryggingum. Samanburður við önnur Norðurlönd er gagnslítill enda býr launafólk á á Norðurlöndum iðulega við mun meiri stöðugleika og réttindi en á Íslandi þar sem hagkerfið er sveiflukenndara. Ef horfa á til Norðurlandanna þarf að gera það heildstætt og innleiða norrænt velferðarkerfi vinnandi fólks í heild sinni.

Stjórn VR telur viðamiklar breytingar á örorkulífeyriskerfinu jákvæðar en um leið er óboðlegt að réttindi launafólks séu skert til að greiða fyrir kerfisbreytingarnar. Stjórnin mótmælir því að fjármagn til atvinnuleysistrygginga sé skert og jöfnunarframlag til lífeyrissjóðanna vegna örorkubyrði afnumið á sama tíma. Stjórnin krefst þess að jöfnunarframlagið sé tryggt á meðan unnið er að framtíðarlausn á samspili örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Stjórn VR fagnar aðgerðum til að reisa skorður við skammtímaleigu og styrkja réttindi leigjenda, en lýsir að öðru leyti yfir áhyggjum af skorti á aðgerðum í húsnæðismálum. Húsnæði er allra stærsti kostnaðarliður langflests launafólks sem býr við einhverja hæstu húsnæðislánavexti innan OECD og lausbeislaðan leigumarkað. Stjórnin mótmælir einhliða niðurskurði á þeim stuðningi sem launafólk hefur þó notið en stjórnvöld hyggjast nú skerða húsnæðisbætur og barnabætur og afnema úrræði greiðslu séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán, án þess að nokkuð komi í staðinn. Nærtækara væri að styrkja og útvíkka vaxtabótakerfið að nýju.

Að lokum vill stjórn VR áréttu að við undirritun síðustu kjarasamninga undirgengust stjórnvöld þær skuldbindingar að varpa ekki auknum kostnaði á launafólk í gegnum gjaldskrárhækkanir. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að hækka kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, sem getur haft umtalsverðan kostnað í för með sér fyrir launafólk og er ekki í anda kjarasamninga. Stjórn VR lýsir jafnframt yfir almennum áhyggjum af því að aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar geti leitt til niðurskurðar á mikilvægri þjónustu við almenning og skorti á nauðsynlegri opinberri fjárfestingu í innviðum. Þótt freistandi sé að spara aurinn núna má það ekki verða til þess að varpa auknum kostnaði á komandi kynslóðir og draga úr lífsgæðum þeirra.

Stjórn VR
10. september 2025

Halla lagði til dagskrárbreytingu frá áður auglýstri dagskrá, að liður #6, Sex mánaða uppgjör VR verði liður #5 og liður #5, Forsendur kjarasamninga verði liður #6. Samþykkt.

5. Sex mánaða uppgjör VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „6.0 Árshlutareikningur VR janúar til júní 2025“; „Sundurliðanir sjóða VR janúar til júní 2025“; „Lykiltölur janúar til júní 2025“; „Leiðsögn sameining 30 apríl 2025“ og „Sjúkra og orlofsj. Leiðsagnar sameining 30. apríl 2025“ til kynningar.

Halla bauð Odd Gunnar Jónsson, sviðsstjóra fjármála- og rekstrarsviðs VR velkominn og fór hann yfir sex mánaða uppgjör VR. Sameining við Leiðsögn fyrr á árinu er að fullu komin inn í uppgjör félagsins.

Í máli Odds kom fram að félagsfólki fjölgaði um 1,9% á fyrstu sex mánuðum ársins frá sama tímabil í fyrra. Inni í þessum tölum er leiðsögufólk sem sameinaðist VR í vor. Fjölgun fullgildra félaga var aðeins meiri eða 3,6%. Það dró úr heimsóknum á opna vefinn á tímabilinu en ein skýring á því kann að vera gríðarleg aukning í notkun fólks á gervigreind til að leita upplýsinga. Ekki varð sambærilega fækkun á innskráningum á Mínar síður á vefnum. Málum til meðferðar á kjaramálasviði fjölgaði lítillega á milli ára eða um 4,2%. Nýting orlofshúsa félagsins var 77% á fyrstu sex mánuðum ársins sem er nánast óbreytt frá fyrra ári. Upphæð sjúkradagpeninga var 5,7% hærri en á sama tíma í fyrra og var hlutfall dagpeninga af iðgjöldum Sjúkrasjóðs VR 90%. Rekstrartekjur á tímabilinu námu 3.337 m.kr. en gjöld 3.443 m.kr. Hreinar tekjur til ráðstöfunar voru tæplega 204 m.kr.

Umræður

Að loknum umræðum þakkaði Halla Oddi fyrir kynninguna og yfirgaf hann fundinn kl. 20:30.

Halla óskaði eftir að lengja fundinn um 30 mín. Samþykkt.

6. Forsendur kjarasamninga

Halla fjallaði um forsenduákvæði kjarasamninga en mat á samningsforsendum fer fram í september í ár og aftur í september að ári. Í ár á að skoða forsendur varðandi þróun verðbólgu og efnidir stjórnvalda þegar kemur að lagasetningu og sagði Halla yfirgnæfandi líkur á að kjarasamningar haldi.

Umræður.

7. Lagabreytingar, viðhorf stjórnar VR til kynjafléttu við stjórnarkjör í VR

Halla lagði til að þessum lið yrði frestað fram að næsta fundi. Samþykkt.

8. Stýrihópur vegna stefnumótunar

Á fundi stjórnar í ágúst var fjallað um fyrirhugaða stefnumótun VR til framtíðar og ákveðið að stofna stýrihóp sem myndi leiða það verkefni. Óskað var eftir framboðum í stýrihópinn.

Halla skýrði frá því að stýrihópurinn væri nú fullskipaður en í honum sitja auk Höllu stjórnarfólkið Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Karl. F. Thorarensen og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Halla leitaði eftir athugasemdum frá stjórn við þessa skipan, en enginn gerði athugasemd.

9. ADHD – samstarfsverkefni

Fyrir fundinum lágu skjölin „9.0 ADHD – ósk um samstarf“ og „9.1 ADHD umsókn um samstarfsverkefni“ til kynningar og afgreiðslu.

Halla skýrði frá því að fundað hafi verið með framkvæmdastjóra ADHD samtakanna nýlega að hans ósk til að ræða hugmyndir um samstarfsverkefni um fræðsluáttak um ADHD á vinnumarkaði til næstu fjögurra til fimm ára. Leitað yrði samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um gerð fræðsluefnis og leitast við að styrkja stöðu launafólks með ADHD. Halla sagðist líta svo á að verkefni af þessu tagi félli vel að áherslum VR.

Umræður

Í umræðum lýsti stjórnin yfir ánægju með þetta verkefni og samþykkti að það yrði unnið áfram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:10.